

Nr. 7.
17. maí.

Boðskapur konungs

til

alþingis.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Vora konunglegu kveðju!

Oss hafa glatt hollustu ummæli þau og góðar óskir, Oss og Vorri konunglegu ætt til handa, er í eru ávarpi því, er efri deild alþingis hefur Oss sent. Með skírskotun til umræðna þeirra um breytingar á stjórnarskipuninni, er fram fóru á síðasta alþingi á grundvelli frumvarps eins, er upp var borið af einum þingmanna, hefur efri deild alþingis beðið um það í ávarpinu, að stjórn Vor legði fyrir þingið, er það kæmi næsta sinn saman, frumvarp til stjórnarskipunarbreytingar, er væru svo löguð, að til samkomulags mætti draga. En Vjer höfum því miður sjeð það, að hinn sami rangi skilningur á stjórnslegri stöðu Íslands í ríkinu, sem til þessa hefur verið framkvæmd stjórnarskipunarbreytingar til fyrirstöðu, hefur og á síðasta alþingi verið ráðandi í báðum þingdeildum og verulega stutt að því, að tálma framgangi tjeðs frumvarps. Meðan svo stendur getum Vjer eigi álitid það hentugt, að stjórn Vor hafi upptök að frumvarpi til breytingar á stjórnarskipuninni.

Með alúðarósk um, að starf alþingis verði landinu til hamingju og blessunar heitum Vjer Voru trúu alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Ritað á Amaliuborg, 17. maí 1899.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Rump.

Allerhøjeste Budskab

Nr. 7.
17de Maj.

til

Altinget.

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenborg,**

Vor Kongelige Hilsen!

Vi have med Glæde modtaget de Udtalelser af Hengivenhed og de gode Ønsker for Os og Vort Kongelige Hus, der indeholdes i den Adresse, som Altingets øverste Afdeling har henvendt til Os.

Under Henvisning til den Forhandling om Forandringer i Forfatningen, som i sidste Altingsamling har fundet Sted paa Grundlag af et privat Forslag, har Altingets øverste Afdeling i Adressen anholdt om, at Vor Regering vil forelægge Altinget i dets næste Samling Forslag til en Forfatningsforandring af en saadan Beskaffenhed, at Overenskomst kan opnaas. Med Beklagelse have Vi imidlertid set, at den samme urigtige Opfattelse af Islands statsretlige Stilling i Riget, som hidtil har været en Hindring for Gennemførelse af en Forfatningsforandring, ogsaa i sidste Samling har været raadende i begge Altingets Afdelinger og i væsentlig Grad bidraget til at hindre det ovennævnte Forslags Fremme. Saa længe dette Forhold vedvarer, kunne Vi ikke anse det for formaalstjenligt, at Vor Regering tager Initiativet til Forslag angaaende en Forandring af Forfatningen.

Med det inderlige Ønske, at Altingets Gerning maa blive til Lykke og Velgignelse for Landet, forblive Vi Vort tro Alting i kongelig Naade bevaagen.

Skrevet paa Amalienborg, den 17de Maj 1899.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Rump.